MINNISBLAÐ

Dagsetning: 15. júní 2022
Sendandi: Rannveig Thoroddsen og Snorri Sigurðsson
Viðtakandi: Einar Már Magnússon, Vegagerðin
Málsnúmer: 202205-0030

Efni: Úttekt á útbreiðslu blátoppu (*Sesleria albicans*) og grágrýtis vegna 3. áfanga Arnarnesvegar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Fyrir liggur gildandi úrskurður Skipulagsstofnunar (2003) um mat á umhverfisáhrifum sem féllst á lagningu Arnarnesvegar milli Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar og hefur lagning vegarins farið fram í áföngum. Ákvörðun um matsskyldu vegna 3. áfanga Arnarnesvegar liggur fyrir um að framkvæmdir þurfi ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum (Skipulagsstofnun 2021, Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 2021). Vegkafli 3. áfanga liggur á milli Rjúpnavegar í Kópavogi og Breiðholtsbrautar í Reykjavík alls um 1,9 km. Vegstæðið er að mestu í vesturhlíð Vatnsendahvarfs í landi Kópavogs en er einnig að hluta í landi Reykjavíkur. Nýtt deiliskipulag liggur einnig fyrir vegna framkvæmda 3. áfanga Arnarnesvegar og er skipulagssvæðið um 19 ha að flatarmáli og nær til vegstæðis og vegfláa ásamt göngu- og hjólastígum (Efla 2021).

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag 3. áfanga Arnarnesvegar var m.a. bent á mikilvægi þess að endurmeta útbreiðslu grastegundarinnar blátoppu (*Sesleria albicans*) sem vitað er til að finnist á svæðinu og leggja fram raunhæft mat á á nauðsynlegar mótvægisaðgerðir (Snorri Sigurðsson 2021) Blátoppa er á válista æðplantna og friðuð samkvæmt nýlegri auglýsingu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a, Auglýsing nr. 1385/2021 í Stjórnartíðindum). Hún hefur átt undir högg að sækja á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði líkt og víðar þar sem hún vex á höfuðborgarsvæðinu, vegna vaxandi byggðar og ekki síst vegna útbreiðslu alaskalúpínu sem ógnar búsvæði hennar (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2002, Rannveig Thoroddsen og Borgný Katrínardóttir 2021). Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag 3. áfanga var einnig lagt til að meta möguleg áhrif framkvæmdar á stórgrýti í grágrýtisurð á Vatnsendahæð með það í huga hvernig best sé staðið að verndun hennar ef til þess kæmi.

Í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir barst beiðni frá Vegagerðinni, dags. 13. maí 2022 til Náttúrufræðistofnunar Íslands um að gerð yrði úttekt á útbreiðslu blátoppu og grágrýtisurð í vegstæði 3. áfanga Arnarnesvegar.

Fyrirliggjandi gögn

Samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar eru til nokkrar upplýsingar um flóru svæðisins, þar á meðal upplýsingar um fundarstaði blátoppu (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2002, Rannveig Thoroddsen og Borgný Katrínardóttir 2021). Fyrri skráningar á svæðinu voru ekki hnitsettar með GPS og einnig er ljóst að sumir gamlir skráningarstaðir eru komnir undir byggð. Nákvæm hnitsetning er til á vaxtarstöðum blátoppu á fyrirhuguðu byggingarsvæði Kópavogsbæjar á

Vatnsendahæð og sumir þeirra eru austan í jaðri vegstæðis 3. áfanga Arnarnesvegar. Hins vegar hafði útbreiðsla blátoppu ekki verið sérstaklega hnitsett í vegstæðinu eða vestan við það.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (2018a) er alaskalúpína ríkjandi á svæðinu en inn á milli lúpínubreiðunnar eru leifar þess mólendis- og melagróðurs sem fyrrum einkenndi svæðið. Útbreiðslusvæði grastegundarinnar blátoppu er fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu þar sem hún vex í grösugum lyngmóum.

Vettvangsvinna
Farið var á vettvang 31. maí og 1. júní 2022. Gengið var eftir fyrirhuguðu vegstæði frá Rjúpnavegi og að enda framkvæmdarsvæðis norðan við Breiðholtsbraut til að kanna mögulega vaxtarstaði blátoppu. Einnig var farið um aðliggjandi svæði í sama tilgangi. Áhersla var lögð á að fara í mólendisvistgerðir á svæðinu sem eru kjörbúsvæði blátoppunnar. Allir fundarstaðir voru hnitsettir með GPS tæki (1. mynd). Einnig voru teknar ljósmyndir sem sýna staðhætti, bæði á vaxtarstöðum blátoppu sem og annars staðar í vegstæðinu (2. mynd). Ljósmyndir eru aftast í minnisblaðinu.

Einnig var gerð úttekt staðsetningu og umfangi grágrýtisurðar í fyrirhuguðu vegstæði.

Gróðurfar og vaxtarstaðir blátoppu.
Alaskalúpína myndar þéttar breiður um nánast alla vesturhlíð Vatnsendahvarf (3. mynd). Inn á milli lúpínubreiðunnar eru misstórir mólendisblettir. Tré og runnar, bæði innlend og innflutt stingast upp úr lúpínubreiðunni, ýmist stöku tré á stangli eða allþétt trjáræktarrjóður. Hluti gamla túnsins upp á Vatnsendahæð er einnig innan vegstæðis. Meðfram Breiðholtsbraut er fyrst og fremst grasmanir og skógræktarreitir. Norðan við Breiðholtsbraut skiptast á blettir með alaskalúpínu, skógrækt og mólendi (4. mynd).

Blátoppa fannst alvíða á svæðinu, einkum í grösugum lyngdældum í hlíðum Vatnsendahvarfs, vestan við fyrirhugað vegstæði, en hún fannst einnig á nokkrum stöðum í sjálfu vegstæðinu. Nokkuð misjafnt var hversu mikið var af henni á hverjum stað. Sums staðar óx hún í mörgum þéttum toppum en annars staðar voru aðeins stöku toppar. Þéttast óx hún í mólendisblettum ofan við Jórusel, bæði vestan og austan við vegstæðið (5. mynd). Hún var einnig áberandi í stöku bletti í sjálfu vegstæðinu t.d. vestan við Kleifakór. Annar staðar var þekja hennar gisnari eða aðeins um staka toppa að ræða. Einnig óx hún ágætlega meðfram göngustígum, svokölluðum hentistígum sem myndast við síendurtekið traðk (6. mynd). Lítið fannst af blátoppu vestan við Hvörfin nema í mólendisblett rétt sunnan við Breiðholtsbraut þar sem var töluvert af toppum á stangli.

Norðan Breiðholtsbrautar var hins vegar mjög lítið af blátoppu. Þar voru aðeins merktir fjórir fundarstaðir og þá oftast aðeins einn og einn toppur á hverjum stað (7.-8. mynd).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

1. mynd. Fundarstaðir blátoppu í og við fyrirhugað framkvæmdarsvæði 3. áfanga Arnarnesvegar. Gulu línurnar sýna vegstæðið og aðra tengdar framkvæmdir, bláar punktar sýna fundarstaði blátoppu í úttekt fyrir þessa framkvæmd vorið 2022 og grængulir punktar eru fundarstaðir blátoppu sem voru skráðir vorið 2021 í úttekt fyrir Kópavogsbæ vegna fyrirhugaðrar byggðar á Vatnsendahæð. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.

Blágrýtisurð

Stórgrýti í blágrýtisurð fannst ekki í fyrirhuguðu vegstæði en nokkrir stórir blágýtishnullungar eru vestan við það (9. mynd). Verndargildi þeirra var metið miðlungs og þeim stafar lítil hætta af framkvæmdinni.

Umræða og ábendingar

Markmið með úttektinni var að finna vaxtarstaði tegundarinnar og hnitsetja þannig að hægt væri að stefna að því að taka frá toppa/þúfur til geymslu og koma fyrir annars staðar sem mótvægisaðgerð gegn því að vaxtarstöðum friðaðrar og sjaldgæfrar plöntutegundar væri raskað. Blátoppa er mjög sjaldgæf á landsvísu. Hennar aðalútbreiðslusvæði er á suðvesturhorninu þar sem stöðugt hefur þrengt mjög að búsvæði hennar (Hörður Kristinsson 2007, Starri Heiðmarsson og Pawel Wasowicz 2018). Er það fyrst og fremst vegna ýmissa framkvæmda en jafnframt vegna aukinnar útbreiðslu ágengra tegunda líkt og alaskalúpínu og skógarkerfils. Þegar hafa allnokkrir vaxtarstaðir hennar horfið undir byggð á þessum slóðum og telja má nánast öruggt að alaskalúpína hafi einnig vaxið yfir kjörlendi hennar sem er grösugt mólendi og sækir enn stöðugt á.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Niðurstaða þessarar úttektar sýnir að blátoppa er mun algengari á svæðinu en búist var við. Allmargir vaxtarstaðir plöntunnar eru á áætluðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar við Arnarnesveg eins og sést á 1. mynd. Því er ljóst að töluvert verður raskað af útbreiðslusvæði plöntunnar við vegagerðina. Hins vegar er álíka mikið af henni utan við áhrifasvæðið, einkum í vesturhlíðum Vatnsendahvarfs þar sem hún óx sums staðar í töluverðu mæli.

Blátoppa vex í mestum þéttleika í þeim mólendisleifum sem enn halda velli fyrir ágangi alaskalúpínu á svæðinu. Blátoppa þrífst ekki innan um lúpínuna og einnig virðist hún hörfa í grasgefnara landi t.d. þar sem áburðaráhrifa gætir út frá skógrækt. Blátoppa virðist því helst þrífast í fremur opnu landi og vex t.d. ágætlega meðfram göngustígum. Lúpínan er ríkjandi á holtinu og mólendisblettum fer fækkandi. Það er því ljóst að stærsta ógnin við blátoppuna á svæðinu er áframhaldandi útbreiðsla lúpínunnar.

Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að öflugasta mótvægisaðgerðin gegn því raski sem verður af vegagerð á búsvæði blátoppunnar er að vernda þau svæði sem eftir standa. Þar er nægjanlega mikið af plöntunni til að tryggja það að hún geti þrifist þar áfram og dafnað, þrátt fyrir tilkomu vegarins, en þó einungis ef lúpínunni er haldið í skefjum.

Í stað þess að fara í aðgerðir við að færa einstakar torfur eða þúfur af blátoppu út af framkvæmdarsvæðinu, er því lagt til að farið sé í aðgerðir við að draga úr framsókn lúpínu í kringum þá bletti sem ekki verður raskað af vegagerð. Slík aðgerð er líklegri til að skila árangri við að vernda búsvæði blátoppu og um leið tegundina sjálfa heldur en tilfærsla stöku grastoppa.

Náttúrufræðistofnun hvetur til þess að leitað verður eftir samvinnu við garðyrkjustjóra Kópavogs og Reykjavíkur varðandi þær aðgerðir.

Varðandi úttekt á blágrýtisurð telur Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til aðgerða vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmdar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Heimildir

Auglýsing nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Stjórnartíðindi. B-deild. Útgáfudagur 2. des. 2021

Efla 2021. *Skipulagslýsing. Deiliskipulag Arnarnesvegar, 3. áfangi. Frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholtsbraut í Reykjavík.* https://www.kopavogur.is/static/extras/files/skipulagslysing_arnarnesvegur-3.afangi428.pdf [skoðað 14.06. 2022]

Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007. *Vöktun válistaplantna 2002–2006. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar* nr. 50. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2018. *Flóra Íslands. Blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Vaka-Helgafell

Kristbjörn Egilsson, Regína Hreinsdóttir og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2002. *Gróður og fuglalíf í nágrenni fyrirhugaðs Arnarnesvegar á Innnesjum*. NÍ-02012. Unnið fyrir Vegagerðina.

Rannveig Thoroddsen og Borgný Katrínardóttir 2021. *Úttekt á fuglalífi og gróðurfari vegna deiliskipulags Vatnsendahæðar*. Unnið fyrir Kópavogsbæ. Minnisblað. Tilvísun í mál nr. 202105-0039.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. *Válisti æðplantna*. https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/ plontur/valisti-aedplantna

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. 2. útgáfa. Mælikvarði 1:25 000. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://vistgerdakort.ni.is/

Skipulagsstofnun 2003. *Arnarnesvegur (411). Reykjanesbraut – Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum*. https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/730/2002100001.PDF [skoðað 15.06. 2022]

Skipulagsstofnun 2021. *Arnarnesvegur, breyting á gatnamótum við Breiðholtsbraut. Ákvörðun um matsskyldu.* https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1625/2020010086-Arnarnesvegur,%20breyting%20%C3%A1%20gatnam%C3%B3tum%20vi%C3%B0%20Brei%C3%B0holtsbraut.pdf [skoðað 15.06. 2022]

Snorri Sigurðsson 2021. *Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag 3. áfanga Arnarnesvegar.* https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/deiliskipulag_arnarnesvegar_3._afanga_fra_rjupnavegi_i_kopavogi_ad_breidholtsbraut_i_reykjavik._skipulagslysing.pdf [skoðað 15.06. 2022]

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.10 2026

Starri Heiðmarsson og Pawel Wąsowicz 2018. *Blátoppa* (Sesleria albicans). Náttúrufræðistofnun Íslands.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 2021. *68/2021 Arnarnesvegur*. https://uua.is/urleits/68-2021-arnarnesvegur/ [skoðað 15.06. 2022]

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Ljósmyndir

2. mynd. Blátoppa í blóma. Hún dregur nafn sitt af lit axpuntsins og því hvernig hún vex í toppum. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 31. maí. 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

3. mynd. Alaskalúpína myndar þéttar breiður í vesturhlíð Vatnsendahvarfs en tré og runnar standa upp úr breiðunni. Í forgrunni er mólendisblettur þar sem blátoppa vex innan um lyngið. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 31. maí. 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

4. mynd. Trjágróður og alaskalúpína vaxa ágætlega í grasmön meðfram Breiðholtsbraut en lítil hætta er á að rekast þar á blátoppa. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 1. júní. 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

5. mynd. Blátoppa óx sums staðar í töluverðum þéttleika í mólendinu, t.d. ofan við Jórusel eins og hér sést. Alaskalúpína sækir fast að allt í kring og hér hefur ein þeirra náð rótfestu í miðju mólendi. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 31. maí. 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

6. mynd. Blátoppa vex ágætlega meðfram svokölluðum hentistígum, þ.e. göngustígum sem myndast vegna síendurtekið traðk. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 31. maí. 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

7. mynd. Stök blátoppuþúfa í grösugum lyngmóa norðan við Breiðholtsbraut. Hér vex hún í félagi við túnfífil, stafafuru og birki. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 1. júní. 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

8. mynd. Fáir fundarstaðir blátoppu voru fáir norðan við Breiðholtsbraut og í flestum tilfellum var aðeins um staka toppa að ræða nema við steininn aftan við bekkinn. Hér líkt og í Vatnsendahvarfi er búsvæði blátoppu ógnað af alaskalúpínu. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 1. júní. 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

9. mynd. Blágýtishnullungar vestan við fyrirhugað vegstæði Arnarnesvegar stafar lítil hætta af framkvæmdum. Ljósm. Rannveig Thoroddsen 31. maí 2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Skjal sótt af '0000000000000' dags: 24.10 2026